

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Ólafsvík



Dags eftirlits	22.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Elíasson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	Staðsetning	277577,592 496940,924

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar að öryggisblöð þurfa að vera staðsett í stöðinni.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., á hafnarsvæðinu í Ólafsvík. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 2.000 m<sup>3</sup> af olíu og heimilt er að taka á móti allt að 100 tonnum af úrgangsolíu á ári. Ekki er heimilt að geyma bensín í stöðinni.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Kynning á viðhengjum fundarboðs
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í síðasta eftirliti árið 2019 og engri ábendingu var komið á framfæri til rekstraraðila.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Þrjú olíugeymar eru í stöðinni, allt standandi stálgeymar og standa þeir í steyptri þró. Fyrir utan þróna er ónotaður lítill geymir, sem ekki er á vegum rekstraraðila og beðið er eftir að hann verði fjarlægður.

Áfyllingaplanið er olíuhelt og tengt olíuskilju. Geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2019 og hefur áframhaldandi notkun þeirra verið heimiluð. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru einnig þrýstiprófaðar árið 2019 og er næsta prófun því árið 2024, eða á 5 ára fresti.

Olíuskiljan var hreinsuð þann 24. ágúst sl. Sjálfvirkt viðvörunarkerfi er í olíuskilju og fær stöðvarstjóri aðvörun í síma, ef yfirborð olíu í skilju fer yfir ákveðin mörk. Minnt er á að gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni á að lágmarki þriggja ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi og skal því mæling gerð nú í ár og niðurstöður hennar sendar eftirlitsaðila.

Öllum úrgangi þ.m.t. olíublautum úrgangi, er skilað til söfnunarstöðvar úrgangs í Ólafsvík.

Öryggisblöð efna voru aðgengileg í rekstrarhandbók í stöðinni á Grundarfirði og bent er á að öryggisblöðin þurfa einnig að vera aðgengileg í stöðinni í Ólafsvík, þar sem unnið er með efni.

Ekkert þjónustuhús er í Ólafsvík en rekstrarhandbók er geymd í stöðinni í Grundarfirði og er

Þjónustuhúsið þar nýtt fyrir báðar stöðvarnar. Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina í Ólafsvík meðfram eftirlitinu í Grundarfirði og eru engar ábendingar settar fram þar um. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingarskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og pró unan um geyma skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta, girðingar eru í lagi og vel við haldið.

#### **ÁBENDINGAR**

Ein ábending er sett fram varðandi að öryggisblöð þurfa að vera aðgengileg í stöðinni, þar sem unnið er með efnin. Ekki er nægjanlegt að þau séu staðsett í þjónustuhúsi í Grundarfirði.

#### **ANNAD**


Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 06.10.2022

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir